

Lýsigögn – Millibankamarkaður með íslenskur krónur

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Velta á millibankamarkaði með krónur

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun.

Tilgangur

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun krónumarkaðar.

Heimildir

Daglegar tilkynningar um veltu frá aðilum á millibankamarkaði. Aðilar á millibankamarkaði með krónur geta verið fjármálafyrirtæki með starfsleyfi skv. [lögum nr. 161/2002](#) og útibú fjármálafyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa heimild Fjármálaeftirlitsins.

Lagagrundvöllur

[Reglur um viðskipti á millibankamarkaði með íslenskar krónur nr. 1196](#) frá 18. desember 2019 settar skv. heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. [92/2019 um Seðlabanka Íslands](#).

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar:

Lánstími

Samningstími lána á millibankamarkaði með krónur getur verið einn dagur (yfir nótt), ein vika, tvær vikur, einn mánuður, tveir mánuðir, þrjú mánuðir, sex mánuðir, níu mánuðir, tólf mánuðir eða annað þ.e. lánasamningar sem hafa aðrar tímalengdir en þær sem nefndar eru hér fyrir ofan.

Millibankamarkaður með krónur

Millibankamarkaður með krónur er markaður með skammtímalán milli banka og sparisjóða. Aðilar markaðarins skulu tilgreina vaxtartilboð inn- og útlána á markaðnum og skal lágmarksfjárhæð tilboða vera í samræmi við 2 gr. reglna nr. 805/2009 um skyldur markaðsaðila. Tilboð eru birt á sérstakri upplýsingasíðu í Reuters. Útlánsvextir markaðarins nefnast REIBOR (Reykjavik Interbank Offered Rates) og innlánsvextirnir REIBID. Lesefni um millibankamarkað með krónur á Íslandi má finna í [3. hefti Peningamála frá 2002](#).

3. Áreiðanleiki gagna

Aðilar á millibankamarkaði með krónur senda Seðlabankanum tilkynningar um samninga jafnóðum og þeir hafa átt sér stað. Gögnin byggjast því á raunverulegum viðskiptum milli aðila. Tilkynningar um veltu frá aðilum á millibankamarkaði með krónur eru skráðar í gagnagrunn og sundurliðaðar eftir tímalengd samninga. Sá aðili sem haft er samband við sendir tilkynningu til Seðlabankans um viðskiptin.

4. Endurskoðun gagna

Almennt eru gögn ekki endurskoðuð nema fram komi leiðrétting frá markaðsaðilum.

5. Birting

Gögn um krónumarkað eru birt á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) á mánaðarlegri og árstíðni frá 1998.

6. Annað

Markaðsaðilar að krónumarkaði eru:

- Landsbanki Íslands hf
- Arion banki hf.
- Íslandsbanki hf.
- Kvika banki hf.